

Útaf þessu skal hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hér segir:

69  
12. apríl

1. Neshreppi innan Ennis í Snæfellsnessýslu skal skift í tvö sveitarfélög þannig, að annar hreppurinn nái yfir núverandi landareign Ólafsvíkur samkvæmt landamerkjaskrá þessarar jarðar og nefnist Ólafsvíkurhreppur, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins forna hrepps, frá Fossá að Búlandshöfða, og nefnist Fróðárhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Neshrepps innan Ennis, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Ólafsvíkurhrepps komi  $\frac{4}{5}$  hlutar, en í hlut Fróðárhrepps  $\frac{1}{5}$  hluti, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Ólafsvíkurhreppi og 3 í Fróðárhreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveði á um fjallskil og afrétti.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Neshreppi innan Ennis sem dómpinghá né manntalspinghá

**Bréf stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumálanna um undirbúning fræðslusamþykta í héraði.**

70  
15. apríl

Með bréfi, dags. 2. septbr. f. á. hafið þér, herra umsjónarmaður, vakið athygli á því, að samkvæmt hinum nýju kosningalögum séu þeir örðugleikar orðnir á að halda lögmeta fundi í sveitum til samþykta á fræðslusamþyktnum, að búast megi við að þær hvergi á landinu geti orðið löglega afgreiddar í héraði eftirleiðis, ef ganga á ríkt eftir því að helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktnin nær yfir, mæti á einum fundi til að samþykkja fræðslusamþyktnir, sbr. 10. gr. fræðslulaganna, og hafið þér jafnframt skotið því undir úskurð stjórnarráðsins, hvort það muni ekki geta samrýmt anda og ákvæðum 10. gr. fræðslulaganna, að heimila fræðslunefndum eftirleiðis að boða til tveggja eða fleiri funda í héraði, til þess að leita áhlits atkvæðisbærra manna og samþykkis á fræðslusamþyktnum, og sé samþykkt þá löglega afgreidd í héraði, ef hún hefir fengið meiri hluta þeirra atkvæða, er á fundunum hafa verið greidd, enda hafi fundina sótt meiri hluti atkvæðisbærra manna á því svæði, er fræðslusamþyktnin á að ná yfir.

Þótt álita verði, að ráð hafi verið gert fyrir því, að mál þessi yrðu útkljáð á einum fundi í hverju fræðsluhéraði, þá verður stjórnarráðið þó að telja

**70** fræðslusamþykkt löglega afgreidda úr héraði, ef fylgt hefir verið þeim undirbúningi, er að framan er lýst.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar.

**71** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um takmörk verzlunarlóðar í Króksfjarðarnesi.**

2. maí

Með bréfi, dags. 18. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Austur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar í Króksfjarðarnesi, sem með lögum nr. 70, 22. nóvbr. 1907, varð löggiltur verzlunarstaður, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Útaf þessu eru hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Króksfjarðarnesi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Frá Lendingarhleini upp í Miðhjallaklett, eftir Miðhjallabrúninni til Standkletts í Miðhjallaenda, þaðan yfir Skipavíkurbvamm í Vörðuklett, og þaðan bein sjónhending til yzta enda Grundarskershleinar; á aðra vegu sjórin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkun verzlunarlóðarinnar, þar sem þau eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

**72** **Bréf stjórnarráðsins til biskups um sameining Stafholts- og Hvammsprestakalla í Mýrprófastsdæmi.**

5. maí

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. f. m., og samkvæmt tillögum yðar hefir stjórnarráðið ákveðið, að sameining Stafholts- og Hvammsprestakalla í Mýrprófastsdæmi, er ákveðin er í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, verði framkvæmd í næstkomandi fardögum, þannig að sóknarpresturinn að Hvammi, sira Gísli Einarsson, verði prestur í hinu sameinaða prestakalli, flytji að Stafholti og taki laun eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, og ber honum 1500 kr. árslaun ásamt 200 kr. erfiðleikauppbót.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.